

Lög

um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að auka gagnsæi í afleiðuviðskiptum, draga úr kerfisáhættu sem getur stafað af slíkum viðskiptum og stuðla að fjármálastöðugleika.

2. gr.

Lögfesting.

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17 frá 16. mars 2017, bls. 412–470, skulu hafa lagagildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2016, frá 30. september 2016, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 13 frá 23. febrúar 2017, bls. 63–71, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest.

3. gr.

Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið og Eftirlitsstofnun EFTA annast eftirlit samkvæmt lögum þessum í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, og samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins fer nánar samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, ákvæðum laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði og ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármála-starfsemi. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að beita ákvæðum þeirra laga við framkvæmd eftirlits og vegna samvinnu við Eftirlitsstofnun EFTA og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina samkvæmt lögum þessum.

Fjármálaeftirlitið skal hafa samráð við Seðlabanka Íslands við mat á starfsleyfisumsókn miðlægs mótaðila skv. 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands teljast lögbær stjórnvöld í skilningi 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

4. gr.

Upplýsingagjöf.

Um upplýsingagjöf innlendra aðila, bæði til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og stofnana innan Evrópska efnahagssvæðisins, fer samkvæmt ákvæðum laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

5. gr.

Almennar rannsóknir og vettvangsskoðun.

Um almennar rannsóknir og vettvangsskoðun Eftirlitsstofnunar EFTA fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Til þeirra rannsóknaraðgerða sem kveðið er á um í a–c-lið og e-lið 1. mgr. 62. gr. og 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 þarf heimild dómara nema samþykki þess aðila sem rannsóknaraðgerðirnar beinast að liggja fyrir. Um beiðni um heimild dómara til rannsóknaraðgerða fer eftir XV. kafla laga um meðferð sakamála eftir því sem við á.

6. gr.

Aðfararhæfi.

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt lögum þessum eru aðfararhæfar, sem og dómur og úrskurðir EFTA-dómstólsins.

7. gr.

Stjórnvaldssektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 648/2012:

1. 4. gr. um stöðustofnun OTC-afleiðusamninga.
2. 5. gr. um tilhögun stöðustofnunarskyldu.
3. 9. gr. um skyldu um skýrslugjöf.
4. 10. gr. um ófjárhagslega mótaðila.
5. 11. gr. um aðferðir til að draga úr áhættu OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á lögaðila sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 648/2012:

1. 7. gr. um aðgang að miðlægum mótaðila.
2. 8. gr. um aðgang að viðskiptavettvangi.
3. 14. gr. um starfsleyfi miðlægs mótaðila.
4. 16. gr. um eiginfjárkröfur.
5. 26. gr. um almenn ákvæði er varða skipulagskröfur.
6. 27. gr. um yfirstjórn og stjórn.
7. 28. gr. um áhættunefnd.
8. 29. gr. um skráahald.
9. 31. gr. um upplýsingar til lögbærra yfirvalda.
10. 33. gr. um hagsmunaaðrekstra.
11. 34. gr. um samfellu í viðskiptum.
12. 35. gr. um útvistun.
13. 36. gr. um almenn ákvæði er varða viðskiptahætti.
14. 37. gr. um þátttökuskilyrði.

15. 38. gr. um gagnsæi.
16. 39. gr. um aðgreiningu og flytjanleika.
17. 40. gr. um stjórnun áhættuskuldbindinga.
18. 41. gr. um kröfur um tryggingar.
19. 42. gr. um vanskilasjóð.
20. 43. gr. um annað fjármagn.
21. 44. gr. um eftirlit með lausafjárahættu.
22. 45. gr. um forgangsröðun við greiðslu vanskila.
23. 46. gr. um kröfur um tryggingar.
24. 47. gr. um fjárfestingarstefnu.
25. 48. gr. um vanskilaferli.
26. 49. gr. um endurskoðun líkana, álagspróf og afturvirka prófun.
27. 50. gr. um uppgjör.
28. 51. gr. um fyrirkomulag um rekstrarsamhæfi.
29. 52. gr. um áhættustýringu.
30. 53. gr. um framlagningu tryggingar milli miðlægra mótaðila.

Við ákvörðun sekta samkvæmt ákvæði þessu skal tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. eftirfarandi:

- a. alvarleika brots,
- b. hvað brotið hefur staðið lengi,
- c. ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum,
- d. fjárhagsstöðu hins brotlega,
- e. ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti,
- f. hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila,
- g. hvers konar mögulegra kerfislega áhrifa brotsins,
- h. samstarfsvilja hins brotlega,
- i. fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 100 þús. kr. til 65 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr., en geta þó verið hærrí eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu og brot er framið til hagsbóta fyrir annan lögaðila í samstæðunni eða annar lögaðili í samstæðunni hefur notið hagnaðar af brotinu.

Ef einstaklingur eða lögaðili brýtur gegn lögum þessum eða reglugerðum ráðherra settum á grundvelli þeirra, og fyrir liggur að hann hafi hlotið fjárhagslegan ávinning af broti, er heimilt að ákvarða hinum brotlega sekt sem getur, þrátt fyrir 4. mgr., orðið allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem fjárhagslegur ávinningur hins brotlega nemur.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá því að viðkomandi er tilkynnt um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

8. gr.

Skylda Fjármálaeftirlitsins til að birta upplýsingar.

Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega upplýsingar um stjórnvaldssektir skv. 7. gr. vegna brota gegn 4., 5. og 7.–11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, nema birtingin kunni að tefla fjármálamörkuðum í tvísýnu eða valda hlutaðeigandi aðilum óhóflegum skaða.

Fjármálaeftirlitið skal á þriggja ára fresti birta matsskýrslu um framkvæmd beitingar viðurlaga samkvæmt lögum þessum. Skýrslan skal ekki innihalda persónuupplýsingar.

Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega skrá yfir upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma mat skv. 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

9. gr.

Sátt.

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

10. gr.

Réttur grunaðs manns.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

11. gr.

Frestur til að leggja á stjórnvaldssektir.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um rannsókn á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að brotinu.

12. gr.

Sektir eða fangelsi allt að tveimur árum.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggja þyngrri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæði 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, um að miðlægur mótaðili megi ekki starfa án starfsleyfis.

13. gr.

Saknæmi o.fl.

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra óháð því hvort sök verði sönnuð á tiltekinn fyrirvarsmann lögaðilans, starfsmann hans eða annan aðila sem starfar á hans vegum. Hafi fyrirvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum með saknæmum hætti brotið gegn lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra í starfsemi lögaðilans má gera honum refsingu, auk þess að gera lögaðilanum sekt.

14. gr.

Kæra til lögreglu.

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsóknar lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákærvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákærvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna meintrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

15. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

1. Stöðustofnunarskylduna.
2. Fyrirkomulag stöðustofnunar.
3. Skýrsluskil til afleiðuviðskiptaskráa.
4. Aðferðir til að draga úr áhættu.
5. Eiginfjárkröfur miðlægra mótaðila.
6. Fagráð eftirlitsaðila.
7. Varðveislu miðlægra mótaðila á upplýsingum.
8. Innlausnartímabil trygginga.

9. Starfsleyfisumsókn afleiðuviðskiptaskráa.
10. Málsmeðferðarreglur vegna ákvörðunar sekta sem lagðar eru á afleiðuviðskiptaskrár.
11. Upplýsingar sem afleiðuviðskiptaskrár skulu birta og gera aðgengilegar.
12. Gjöld sem Eftirlitsstofnun EFTA leggur á afleiðuviðskiptaskrár.
13. Upplýsingar sem birta skal opinberlega og gera aðgengilegar fyrir afleiðuviðskiptaskrár.
14. Opinbera skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.
15. Aðgang að viðskiptavettvangi.
16. Ófjárhagslega mótaðila.
17. Kröfur til miðlægra mótaðila.
18. Undanþágur frá gildissviði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skv. 6. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar.
19. Framlenging á tímafrestum skv. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

16. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2018.

17. gr.
Breyting á öðrum lögum.

Á eftir 8. gr. laga um öryggi fyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum, nr. 90/1999, kemur ný grein, 8. gr. a, svohljóðandi:

Gjaldþrotaskipti á búi kerfisstjóra skal ekki skerða rétt annars kerfisstjóra til veðtrygginga sem sá síðarnefndi hefur afhent þeim fyrrnefnda vegna rekstrarsamhæfs kerfis.

Samþykkt á Alþingi 23. mars 2018.